



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. 11. 2022  
USK22090138

**Fyrirspurn fulltrúa/áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um svar við sorphirðukostnaði**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 19. 10. 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins.

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um svar við sorphirðukostnaði, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 19. október 2022.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar því eftir að fá sundurliðaðan kostnað við losun, leigu og förgun á hvert heimili á Reykjavík. Flokkur fólksins lagði fram fyrirspurn um sorkostnað. Spurt var um hver sorkostnaður Reykjavíkurborgar er við tæmingu tunna per íbúðareiningu og hver sambærilegur kostnaður er í nágrannasveitarfélögum. Eins og hvert heimili þarf Reykjavíkurborg að horfa vel í alla útgjaldaliði og leita allra ráða til að hagræða. Í fyrirspurninni var vísað í skýrslu sem gefin var út af samkeppniseftirlitinu árið 2016 (Competition in the waste management sector). Helstu niðurstöður eru þær að sveitarfélög sem nota útboð við meðhöndlun úrgangs spara sér 10 - 47% frá kostnaði við eldri kerfi.

Svarið sem barst var ekki í neinu samræmi við spurninguna þar sem svarið tekur aðeins til þess sem sveitarfélagði rukkar íbúa sína beint með gjöldum. Sorphirðugjald sem sveitarfélög leggja á íbúa sína er alls ekki það sama og kostnaður við sorphirðu. Fulltrúi Flokks fólksins óskar því eftir að fá sundurliðaðan kostnað við losun, leigu og förgun á hvert heimili á Reykjavík.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. 11. 2022.

Svar við fyrirspurn:

Í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er vísað til fyrra svars skrifstofu umhverfisgæða við fyrirspurninni þar sem spurt var um „sorkostnað við tæmingu tunna per íbúðareiningu“. Í fyrra svari skrifstofu umhverfisgæða var grein gerð fyrir sorphirðugjaldi, sem innheimta ber sem næst raunkostnaði sveitarfélagsins við sorphirðu við heimili sbr. skilgreiningu á sorphirðu skv. reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs; en til sorphirðu telst: „söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.“

Í endurtekinni fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er óskað eftir sundurliðun á kostnaði við söfnun úrgangs, ílátaleigu og förgun úrgangs. Kostnaður við söfnun úrgangs á árinu 2021 var laun og launatengd gjöld 658.229 þús. krónur og annar rekstrarkostnaður 206.789 þús. kr. Helstu



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

liðir í öðrum rekstrarkostnaði voru innri leiga sorphirðubifreiða, eldsneyti og viðhald bifreiða 176.217 þús. kr. og innheimtuþóknun 13.455 þús. kr. Leiga íláta er ekki innheimt sérstaklega. Meðaltalskostnaður vegna söfnunar úrgangs við heimili árið 2021 á íbúð var því 16.033 krónur á íbúð. Greiðslur vegna förgunar og endurvinnslu úrgangs frá sorphirðu við heimili á árinu 2021 var samtals 520.146 þús.kr. eða sem nemur um 9.641 kr. á íbúð.

Í þessari fyrirspurn er ekki beint spurt um samanburð við önnur sveitarfélög eins og í fyrri fyrirspurn. Bent er á að Umhverfis- og skipulagssvið hefur ekki upplýsingar um sundurliðaðan kostnað í öðrum sveitarfélögum.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Friðrik Gunnarsson  
skrifstofa umhverfisgæða

